



Stjórnarfundur FEB nr. 457

Stangarhyl 4,
Þriðjudaginn 2. mars 2021 kl. 13:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Sigurbjörg Gísladóttir, Kári Jónasson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Víðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og Finnur Birgisson varamaður.

Fjarverandi: Róbert Þ. Bender aðalmaður og Haukur Arnþórsson og Sverrir Örn Kaaber varamenn.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Sérstakur gestur undir 1. lið dagskrár: Þórhildur Egilsdóttir deildarstjóri heimahjúkrunar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Formaður setti fund og bauð Þórhildi Egilsdóttur velkomna.

Dagskrá:

1. Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu

Gestur fundarins, Þórhildur Egilsdóttir, kynnti þessar nýju reglur sem eru enn í vinnslu.

Fulltrúar FEB höfðu bókað mótmæli á fundi Öldungaráðs, sem haldinn var deginum áður, við þau skilyrði að velferðarsvið borgarinnar fengi heimild að skoða skattskýrslu og stöðu fjármála umsækjanda hjá TR straks við undirritun umsóknar, þó svo að heimpjónustan sé eingöngu veitt af heilsufarslegum ástæðum en ekki fjárhagslegum.

Þórhildur fór yfir drögin að reglunum. Í máli hennar kom fram að velferðarsvið veitir 2.700 manns heimaþjónustu og 1.100 manns heimahjúkrun. Þar af njóta 650 manns hvoru tveggja.

Einnig ræddi hún um svokallaða Lífsgæðakjarna. Það eru svæði eins og eru t.d. að Sléttuvegi, þar sem marghátar búsetu- og þjónustuform fyrir eldra fólk er á sama reit.

Að þessum lið loknum vék Þórhildur af fundi.

2. Fundargerð síðasta fundar

Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'S', 'F', 'O', 'C.O.', 'S', 'S', and 'S'.

Fundargerðin borin upp og var hún samþykkt samhljóða.

3. **Undirbúningur aðalfundar FEB 15. apríl**
Framkvæmdastjóri fór yfir þau mál sem þarf að vinna vegna fundarins, bæði praktísk og þau sem þarf að vinna innan ákveðinna tímamarka samkv. lögum FEB.
4. **Tillaga að árgjaldi 2021**
Samþykkt að árgjald 2021 verði 5.000 kr.
5. **Fréttir af skrifstofu**
Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tíðindi af félagsstarfinu. Það er að komast í fullan gang og mikil aðsókn í tungumálanámskeiðin. Húsið orðið þéttsetið alla daga og töluverð eftirspurn eftir leigu. Skákfélagið að fara af stað að nýju, en dansleikir og kór enn í bið. Verið er að undirbúa ferðir innanlands í sumar og haust. Afsláttarbókin í vinnslu.
6. **Félagstíðindin**
Blað kemur út nú fyrir 35 ára afmæli FEB, 15. mars nk. Það verður 40 bls. og prentað í allt að 12.000 eintökum.
7. **35 ára afmæli FEB 15. mars 2021**
Ýmislegt í farvatninu til að kynna FEB útávið í tilefni tímamótanna. Einnig þarf líka að minnast þeirra innávið.
Samþykkt að eftirfarandi skipi afmælisnefnd: Ingebjörg H. Sverrisdóttir formaður FEB, Kári Jónasson og Ingebjörg Óskarsdóttir, ásamt framkvæmdastjóra FEB Dýrleifu Guðjónsdóttur.
8. **Grái herinn**
Formaður fór yfir stöðu mála varðandi málsóknina. Héraðsdómur hafnaði því 16. febrúar að málum þeirra þriggja úr Gráa hernum verði vísað frá. Fyrirtaka verður 24. mars. Aðalmeðferð hefst 7. september og má búast við dómi um miðjan október.
9. **Framkvæmda- og aðgerðarhópur**
Formaður kynnti starf hópsins sem er að leggja lokahönd á tillögur til stjórnmalaflokkana um helstu áherslumál eldra fólks fyrir komandi alþingiskosningarnar. Tillögurnar verða lagðar fyrir á væntanlegum formanna fjárfundi LEB laugardaginn 13. mars til samþykktar og í framhaldi af því til opinberrar kynningar.
10. **Umsagnarbeiðnir vegna þingmála**
Finnur formaður kjaranefndar FEB kynnti þær umsagnabeiðnir sem borist hafa FEB til umsagnar.
Samþykktar tillögur kjaranefndar um umsagnir um þau mál.
11. **Aukastjórnarfundir**
Samþykkt að halda auka stjórnarfundir 25. mars og 8. apríl vegna undirbúnings aðalfundar
12. **Önnur mál**
 - a) **Skoðanakönnun**
LEB hefur látið gera skoðanakönnun hjá Maskínu um hvort eldri borgarar eigi að bjóða sérstakt framboð til Alþingis. Niðurstöðu könnunarinnar er að vænta innan

skamms.

b) Tekjusagan

Í framhaldi af kynningu fulltrúa vefsins tekjusagan.is mun kjaranefnd FEB hitta þá að nýju innan skamms til að fylgja eftir óskum um breytingar á framsetningu efnis á vefnum

c) Aðalskipulag og eldra fólk

Borgarstjóri kallaði nokkra aðila á fjarfund til að ræða aðalskipulag borgarinnar og framkomnar óskir formanns FEB um búsetuskilyrði eldra fólks. Á fundinn var formaður boðaður við annan mann og kaus hún að Ólafur Örn aðalmaður í stjórn sækti fundinn með sér vegna þekkingar hans á byggingarmálum.

Formaður taldi að þarna hafi verið gott að koma útskýringum og óskum til til þess bærra aðila um búsetuhugmyndir fyrir eldra fólk.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Jngibjörg H. Smarad.

Jngurleijórg Guðlaugsdóttir

Ólafur Örn Aðalmaður

Edrjónarsson

Viðar Eggertsson

Jngibjörg Óskarsdóttir

Yrreinn Brjánn